Höfnin á Sauðárkróki

FORNLEIFASKRÁNING OG FORKÖNNUN HÚSA

Brenda Prehal
Sólborg Una Pálsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur 4
Fyrri rannsóknir 5
Tilgangur fornleifaskráningar 5
Aðferðarfræði fornleifaskráningar 5
Um forkönnun húsa 6
Samantekt 7
Stutt yfirlit um sögu svæðis 8
Upphaf 8
Frumbyggjar á Eyrinni 9
Hafnargerð og herseta 11
Uppbygging iðnaðarsvæðis 14
Fornleifaskráning 20
Niðurstaða 26
Horfin mannvirki yngri en 100 ára 27
Skrá yfir eldri uppistandandi hús 30
Eyrarvegur A 31
Eyrarvegur B 34
Eyrarvegur 16-20 37
Heimildaskrá 43
Útgefnar heimildir 43
Óútgefnar heimildir 44
Fylgiskjöl 45

Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlitsmynd. Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðu. Gögnin eru fengin frá Stoð ehf..... 4
Mynd 2. Eyrarhús kringum 1906. Ljósmynd úr safni Ingrid Hansen sem varðveitt er íá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. 9
Mynd 3. Sauðárkrókur í kringum 1892. Hér glittir í bæina á Eyrinni. Lárubær er þá nær og Eyrarhús fjær. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. 9
Mynd 4. Sauðárkrókur í kringum 1898. Bakki er rétt fyrir ofan Lárubæ. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. 10
Mynd 5. Sauðárkrókur - Eyrin 1903. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. 10
Mynd 6. Uppdráttur frá 1920.Uppdráttur þéttbýlisstaða, hluti af dönsku herforingjakortunum. Landmælingar Íslands. 11
Mynd 7. Eyrin í krinum 1937-1939. Vinna við hafnargarðinn í fullum gangi. Hafnarhús risið. Bak við hafnarhúsið og vestan við það má sjá Eyrarhús og líklega Brekkubæ (lengst til vinstri). Úr safni Michelsen-fjölskyldunnar, varveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. IS-HSk-N00016-A-B-Mic149. 12
Mynd 8. Hafnarsvæðið 1941-1945. Vantar texta og eiganda myndar. 13
Mynd 9. Loftmynd af höfninni 1945. Auk hafnarhússins og bragganna tveggja norðan við það má sjá tvo stærri bragga austan við hafnarhúsið sem Kaupfélag Skagfirðinga reisti sem skemmur. Birt með leyfi National Collection of Aerial Photography (NCAP). 14
Mynd 10. Uppdráttur frá 1949-1950 sem byggði á uppdrætti Jóns Víðis frá 1934. Uppdráttur í varðveislu Skipulagsstofnunar Íslands. 15
Mynd 11. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1958. Landmælingar Íslands. 16
Mynd 12. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1963. Landmælingar Íslands. 17
Mynd 13. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1966. Landmælingar Íslands. 17
Mynd 14. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1974. Landmælingar Íslands. 18
Mynd 15. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1986. Landmælingar Íslands. 19
Mynd 16. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1994. Landmælingar Íslands. 19
Mynd 17. Tréstaur úr Gömlu bryggju - horft til vesturs. 26
Mynd 18. Horfin mannvirki eru merkt með rauðum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf. 28
Mynd 19. Greining á aldri húsa út frá loftmyndum. Grunnmynd: Loftmyndir ehf. 30
Mynd 20. Hús við Eyrarveg. Er ekki á loftmynd frá 1958 en er á loftmynd frá 1963. Merkt með fjólubláu ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. 31
Mynd 21. Sláturhús Slátursamlags Skagfirðinga. Úr ljósmyndasafni Feykis, varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. IS HSk N00301-E-Fey 3020. 32
Mynd 22. Sláturhús Slátursamlags Skagfirðinga. Úr ljósmyndasafni Feykis, varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, IS HSk N00301-B-Fey 666. 33
Mynd 23. Hús við Eyrarveg. Hús sem sjá má á loftmynd frá 1958, merkt með brúnum lit ofan á loftmynd frá Loftmyndum efh. 34
Mynd 24. Sláturhús Sigurðar Sigfússonar fremst. Líklega fiskvinnsluhús sem glittir í norðan við sláturhúsið. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, IS HSk N00321-B-Atb 1765. 35
Mynd 25. Eyrarvegur 16, 18 og 20. Byggingar merkt með brúnum lit má sjá á loftmynd frá 1958. Lag ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. 37
Mynd 26. Teikning af fyrirhuguðu sláturhúsi K.S. Teiknistofa S.Í.S., teiknað af FB og JKL (J. K. Larson). Dagsett 4.12.1947. 38
Mynd 27. Teikningar af slátur- og fyrstihúsi KS. Teiknistofa SÍS, teiknað af S. Thordarson arkitekt, dagsett 7.3.1949. 39
Mynd 28. Slátur- og frystihús Kaupfélags Skagfirðinga í byggingu. Úr ljósmyndasafni Kristján C. Kristjánssonar, varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, KCM 732. 40

Mynd 29. Sláturhús Kaupfélags Skagfirðinga. Veggmynd um sauðkind eftir Svein Snorra Friðriksson. Úr ljósmyndasafni Feykis, varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Fey 3022. 42

Inngangur

Að beiðni skipulagsfulltrúa og eftir ábendingar minjavarðar Norðurlands vestra var gerð forkönnun húsa og fornleifaskráning á hafnarsvæðinu við Sauðárkrók. Skráningar þessar eru gerðar vegna deiluskipulags á svæðinu sem auglýst var á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar 20.10.2021 (sjá https://www.skagafjordur.is/static/files/Skipulagsmal/2021/Hafnarsvaedid_SKR/56296201-dsk-hafnarsvaedis-auglysing_20211011.pdf).

Mynd 1. Yfirlitsmynd. Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðu. Gögnin eru fengin frá Stoð ehf.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga tók að sér að gera forkönnun húsa en vann einnig skrá yfir horfin mannvirki sem ekki hafa náð 100 ára aldri. Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér að gera fornleifaskráningu fyrir svæðið. Var ákveðið að gera eina sameiginlega skýrslu um hafnarsvæðið svo skipulagsyfirvöld og minjavarslan gætu nálgast upplýsingarnar á aðgengilegan hátt.

Fyrri rannsóknir

Hvorki fornleifaskráning né húsakönnun hefur verið gerð á svæðinu.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.[1] Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri […]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. […] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi […]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðarfræði fornleifaskráningar

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær

[1] Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers. Til dæmis fær tréstaur í landi Sauðárkróks númerið 21 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Sauðá 2803-21]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Áður skráðar minjar fá upprunaleg skráningarnúmer í sviga fyrir aftan nýja númerið, t.d. [Sauðá 2803-21] (Sauðá/Sauðárkrókur 1733-163, Sauðá 181763 48–98, Sauðá 1888-112).

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Þar sem einungis eru fyrirliggjandi útmörk deiliskipulagssvæðis en ekki fyrirhuguð framkvæmdasvæði er einungis gert almennt hættumat fyrir minjarnar. Hættumat einstakra minja getur því breyst þegar farið er í framkvæmdir innan deiliskipulagssvæðanna.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni um 1m í skekkju.

Yfirlitskort er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: sérheiti, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir voru fengnar hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Um forkönnun húsa

Forkönnun húsa er nýtt fyrirkomulag þar sem meginverkefnið er fyrst og fremst að gera grein fyrir aldri bygginga og þróun byggðar á svæðinu, og staðfesta byggingarár elstu húsa. Þar sem um nýtt fyrirkomulag er að ræða þá eru ekki til skýrar leiðbeiningar um hvernig skuli vinna slíka forkönnun. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga sem tók að sér þann verkhluta ákvað að byrja á því að rannsaka þróun svæðis og byggði það á greiningu loftmynda frá mismunandi tímum. Í samráði við minjavörð Norðurlands vestra voru svo þeir byggingarhlutar sem eru eldri en 1966 í loftmyndagreiningu og/eða í fasteignaskrá rannsakaðir frekar til að kanna möguleika á því að byggingarárið sé ranglega skráð eða að byggingarnar séu eldri og hafi verið fluttar á svæðið.

Samantekt

Byggð hófst á Eyrinni í kringum 1882 og var þá um ræða lítil kotbýli, stundum með smá búskap. Ágangur sjávar gerði ábúendum erfitt fyrir. Áður hafa íbúar á svæðinu líklega haft sjóbúðir (eina eða fleiri) á Eyrinni.

Á fjórða áratug síðustu aldar hófst uppbygging hafnar á svæðinu. Þeim framkvæmdum fylgdu mannvirki sem tengdust sjósókn t.d. sjóbúðir, hjallar, trönur, geymslur og fiskvinnsla, sérstaklega síldarvinnsla en einnig mannvirki sem tengdust hafnarstjórnun og hafnargerð t.d. hafnarhús, smiðja, olíutankar og geymslur.

Breski og bandarískí herinn hafði hersetu á Sauðárkróki 1940-1945. Hluti athafnarsvæðis hersetuliðsins var á Eyrinni. Þar settu þeir upp bragga, eldhús, skotgrafir og sandpokavirki.

Í kringum 1950 varð Eyrin meginbyggingarsvæði iðnaðar svo sem sláturhúsa, fiskvinnslu, beinamjölsverksmiðju og niðursuðuverksmiðju.

Fornleifar

Alls voru skráðar 21 minjar innan skráningarsvæðis. Allar minjarnar að undanskildum tréstaur, sem eru síðustu leifar Gömlu bryggju (2803-20), eru horfnar. Innan deiliskipulagssvæðis á hafnarsvæði Sauðárkróks fer fram fjölbreytt hafnarstarfsemi og iðnaður. Þarna er landslag því mikið breytt frá því sem var og eru flestar minjanna horfnar vegna síðari tíma framkvæmda á svæðinu en einnig vegna landbrots af völdum sjávar. Skráðar minjar tengjast flestar búsetu (bæir, útihús, brunnar) og atvinnu (sjóbúðir, bryggja) en þarna var einnig öldubrjótur til varnar ágangi sjávar og vegurinn sem tengdi Eyrina við þorpið og sveitirnar.

Yngri mannvirki - horfin

Leitast var við að staðsetja mannvirki yngri en 99 ára sem nú eru að öllu eða mestu horfin. Mögulega má finna einhverjar leifar þessara mannvirki en þá rétt utan deiliskipulagssvæðisins t.d. í brekkunni eða rétt undir henni. Rétt er líka að benda á að hluti hafnarinnar er frá því um 1937-1939. Líklega má einnig enn finna í hafnargarðinum steinnökkva, pramma sem notaður var af breska hernum í seinni heimsstyrjöldinni, og keyptur hingað í kringum 1947 til lengingar á garðinum.

Uppistandandi hús

Elstu uppistandandi húsin á deiliskipulagssvæðinu eru frá 1949-1957. Engar vísbendingar fundust um að byggingarnar hefðu ekki verið nýbyggingar, þ.e. að þær hafi verið fluttar annars staðar frá.

Mögulega er elsti hluti sláturhússins höfundaverk Sigvalda Thordarsonar arkitekts en hann var forstöðumaður Teiknistofu SÍS 1948-1951.

Að lokum er rétt að minna á menningarlegt gildi listaverks Sveins Snorra Friðrikssonar sem prýðir núverandi sláturhús Kaupfélags Skagfirðinga.

Stutt yfirlit um sögu svæðis

Upphaf

Hafnarsvæði Sauðárkróks, er á Gönguskarðsáreyri eða Eyrinni sem er suðaustan við Gönguskarðsárós. Ósinn kemur fyrir í Íslendinga sögum og þar sagður skipgengur (I, bls. 142). Talið er að verslunarhöfn hafi verið við Sauðárkrók á öndverðri landnámsöld og á 13. öld var þar líklega verslunarhöfn en óvíst er hvort

að hann hafi verið skipgengur og þar hafi verið skiptalægi allt frá landnámsöld. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að: „…trúlega hafi verið þar verslunarhöfn á öndverðri landnámsöld“ (bls. 291) og um aldaraðir var Sauðárkrókur aðalverstöð íbúa í Skörðum og Borgarsveit (BS I, bls. 298). Samkvæmt Sögu Sauðárkróks var Sauðárkrókur í notkun snemma á 11. öld þegar kemur Hæringur Austmaður á skipi í Gönguskarðsárós líklega með verslun. Á 13. öld var Sauðárkrókur líklega verslunarhöfn eins og Kolbeinsárós (Kolkuós) austanverðan Skagafjarðar. Heimildir benda til þess að snemma á 15. öld hafi Englendingar kynnst Skagafirði og síðar hafi Hollendingar komið til viðskipta og að veiða (Kristmundur Bjarnason 1969, bls. 25-33). Ekki er meira vitað um starfsemi á Sauðárkróki á þessum öldum.

Á tímum dönsku einokunarverslunarinnar (1602-1787) var Sauðárkrókur ekki lögleg verslunarhöfn og áttu allir Skagfirðingar að versla á Hofsósi. Þó er líklegt að smyglarar hafi notað Sauðárkrók sem og heimamenn fram á miðja 18. öld. Í jarðabók frá 1709 segir: „Selveiðivon í minna lagi, hefur áður brúkast en nú ekki í margt ár. Rekavon sæmileg, og nýtur ábúandi þess eina af rekanum sem lög leyfa, þegar nokkuð uppber…Heimræði er hjer og lending í betra lagi, og gengur eitt skip ábúanda, þegar hann fær því komið, fleiri mætti gánga, ef fólk væri til.“ Árið 1664, með leyfi Danakonungs, kom hafskip á Sauðárkrók en fleiri hafskip komu ekki í önnur 200 ár.

Á áranum 1858 - 1873 var þá Sauðárkrókur löglegur sumarkaupstaður. Árið 1871 hófst föst búseta í Sauðárkróki sem markar upphaf þéttbýlismyndunar á svæðinu. Í Sögu Sauðárkróks segir: „Um aldamótin 1900 gerðu að minnsta kosti 20 manns út frá Sauðárkróki. Voru sumir bátanna litlir, og var þeim ekki haldið út að staðaldri, eigendur brugðu sér á sjó á þeim, er tóm gafst frá annarri vinnu“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bls. 161). Gamla trébryggjan var reist árið 1916 og brautarteinar lágu frá henni að pakkhúsum á nokkrum stöðum og hafi með þeim verið fluttar vörur og fiskur. Á árunum 1936-1937 hófst hafnargerð á Eyrinni og Eyrahúsin voru rifin í kjölfarið.

Frumbyggjar á Eyrinni

Mynd 2. Eyrarhús kringum 1906. Ljósmynd úr safni Ingrid Hansen sem varðveitt er á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Saga Eyrinnar er samofin sögu Sauðárkróks. Kristmundur Bjarnason telur, í Sögu Sauðárkróks, að fyrsti bærinn hafi risið á Eyrinni 1882-1883 þegar Guðjón Ísleifsson byggði þar hús sitt. Nefndist það Guðjónsbær eða **Eyrarhús**. Stuttu seinna, eða í kringum 1883 reis annar bær á Eyrinni sem var jafnan kallaður **Lárubær** og var syðst á Eyrinni. „Þessi lóð var komin í sjó árið 1912. Var bærinn þá byggður upp ofar í brekkunni af Gísla Magnússyni organista.“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bls. 181-182).

Mynd 3. Sauðárkrókur í kringum 1892. Hér glittir í bæina á Eyrinni. Lárubær er þá nær og Eyrarhús fjær. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Árið 1897 reis þriðji Eyrarbærinn, Bakki, torfbær innst við Eyrarbrekku. Kristmundur Bjarnason telur að lóðin hafi farið í sjó fram árið 1914. (Kristmundur Bjarnason 1969, bls. 193).

Mynd 4. Sauðárkrókur í kringum 1898. Bakki er rétt fyrir ofan Lárubæ. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Fjórði bærinn á Eyrinni reis í kringum 1900. Um er að ræða torfbæ reistan af Hafliða Gunnarssyni. Bærinn nefndist Brekkubær en var einnig kenndur við ábúendur sína, t.d. Hafliða Gunnarsson (Hafliðabær), Runólf Jónsson (Runólfsbær) og Gísla Gíslason frá Lágmúla sem bjó þar síðast (Gíslabær) (Hafliðabæ, Runólfsbær og Gíslabær?). Bærinn var rifinn árið 1960. (Kristmundur Bjarnason 1969, bls. 193).

Mynd 5. Sauðárkrókur - Eyrin 1903. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Á ljósmynd frá 1903 (mynd 5) má sjá byggingar alveg við ströndina og bát þar við. Líklega eru það einhvers konar sjóbúðir. Á uppdrætti frá 1920 má enn sjá tún og byggingar merktar Bakka sem er þá

ekki alveg í samræmi við það sem kemur fram í Sögu Sauðárkróks en mögulega hafa þessar byggingar verið útihús (sjá mynd 6).



Mynd 6. Uppdráttur frá 1920.Uppdráttur þéttbýlisstaða, hluti af dönsku herforingjakortunum. Landmælingar Íslands.

Hafnargerð og herseta

Sauðkrækingar höfðu lengi strítt við erfið hafnarskilyrði. Árið 1935 fékk ný hafnarnefnd því framgengt að hafin væri gerð „Eyrarvegar“ svo hægt væri að vinna að hafnargerð á Eyrinni. „Sjór hafði þá étið sig alllangt upp Eyrarbrekkuna á kafla, og ágerðist það“. Garður var steyptur meðfram brekkunni. Síðan var efni úr brekkunni nýtt til að fylla upp að garðinum (Kristmundur Bjarnason 1973, bls. 193-194).

Hafnargarðurinn sjálfur var svo reistur á árunum 1937 til 1939. Magnús Konráðsson var ráðinn verkfræðingur verksins og lýsir hann þessari framkvæmd nokkuð vel í grein sinni sem birtist í tímariti Verkfræðingafélagsins árið 1939 (Magnús Konráðsson, 1939). Garðurinn var um 280 metrar á lengd. Eyþór Þórarinsson frá Vestmannaeyjum var ráðinn sem verkstjóri verkefnsins.

Mynd 7. Eyrin í krinum 1937-1939. Vinna við hafnargarðinn í fullum gangi. Hafnarhús risið. Bak við hafnarhúsið og vestan við það má sjá Eyrarhús og líklega Brekkubæ (lengst til vinstri). Úr safni Michelsen-fjölskyldunnar, varveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. IS-HSk-N00016-A-B-Mic149.

„Árið 1939 var gerður bryggjupallur úr tré til síldarsöltunar sunnan garðsins. Hann var 17x43 m að stærð og tengdur við garðinn með 25 m landgangi, 5-15 m breiðum.“ Þá var um sama leyti lögð vatnsveita að höfninni (Kristmundur Bjarnason 1973, bls. 196).

Baráttan við landbrot hélt áfram. Árið 1941 var sjóvarnargarðurinn framan við Eyrarveg lengdur um 30 metra og steyptur til að koma í veg fyrir frekara landbrot. Samhliða því að nýi hafnargarðurinn lengdist fór sandur að hlaðast að honum og fór þessi landmyndun vaxandi er á leið. En sandurinn leitaði einnig inn á hafnarsvæðið sem kallaði á frekari aðgerðir við hafnargarðinn sem unnið var að næstu árin (Kristmundur Bjarnason 1973, bls. 196-197).

Mynd 8. Hafnarsvæðið 1941-1945. Vantar texta og eiganda myndar.

Bretar hertóku Ísland 10. maí 1940. Flokkur breskra hermanna kom til Sauðárkróks í júlíbyrjun sama ár (Kristmundur Bjarnason, 1973, bls. 249).

Hluti athafnasvæðis hernámsliðsins var úti á Eyri enda var eitt af meginverkefnum þess að hindra að þýskt herlið reyndi landtöku á Sauðárkróki (Friðþór Eydal 2015, bls. 16). Hernámsliðið hafði hafnarhúsið til umráða (Friðþór Eydal 2015, 16) en einnig voru tveir braggar (nissen huts) reistir norðan við hafnarhúsið „... á Eyrinni og austar hlaðið hús sem notað var til eldamennsku og þvotta. Vestan við braggana var grafin sandpokagryfja, sennilega sem loftvarnarbyrgi..“ (Ágúst Guðmundsson, 2018, bls. 161).

Líklega voru braggarnir upphaflega reistir í Varmahlíð en þeir svo verið fluttir úti á Eyri árið 1941 (Ágúst Guðmundsson, 2018, bls. 159) þegar aukið við liðsaflann á Sauðárkróki (Friðþór Eydal 2015, 49).

Ásamt fyrrgreindum mannvirkjum hafði hernámsliðið vélbyssuhreiður við höfnina, líklega á tveimur til þremur stöðum, ásamt skotgröfum upp í brekkunni (Friðþór Eydal 2015, bls. 49).

Bandaríkst herlið gekk á land í Reykjavík 7. júlí 1941 og leystu smásaman breska herinn af hólmi. Vorið 1942 tók bandarískt liðsaflinn við vörnum Húnaflóa og Norðvestursvæðis en það var ekki fyrr en í ágúst sama ár sem bandaríkjamenn tóku við varðstöðunni á Sauðárkróki og sinntu þar strandvörslu. Þeir höfðu aðsetur í bröggunum á Eyrinni en dvöldu þar í stuttan tíma því 13. október 1942 tóku breskir sjóliðar við strandvarðstöðunni (Friðþór Eydal 2015, bls. 75, 77-78).

„Bresku strandverðirnir störfuðu á Sauðárkróki til 31. janúar 1945 þegar strandvarðstöðinni var lokað. Höfðu þeir tvo bragga til umráða sem Sölunefnd setuliðseigna keypti af breska hernum síðar sama ár og endurseldi. Er líklegt að Kaupfélag Skagfirðinga hafi keypt braggana ...“ (Friðþór Eydal 2015, bls. 130).

Mynd 9. Loftmynd af höfninni 1945. Auk hafnarhússins og bragganna tveggja norðan við það má sjá tvo stærri bragga austan við hafnarhúsið sem Kaupfélag Skagfirðinga reisti sem skemmur. Birt með leyfi National Collection of Aerial Photography (NCAP).

Uppbygging iðnaðarsvæðis

Í kjölfarið á gerð hafnargarðsins fer að bera á áhuga á að koma upp frekari byggingum á hafnarsvæðinu. Árið 1944 sækir Kaupfélag Skagfirðinga um leyfi til að byggja birgðaskemmu út á Eyri fyrir norðan hafnargarðinn og var það leyfi veitt í lok árs 1944 (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. Fundur 16.09.1944 og 02.11.1944).

Þessar birgðaskemmur eru vel greinilegar á loftmynd sem tekin var af svæðinu árið 1945 en einnig má greina á loftmyndinni mannvirki frá hersetuliðinu, hafnarhúsið og byggingar sem líklega tengjast síldveiði (mynd 9).

Aukin ásókn í byggingarsvæði hafnarsvæðisins kallaði á aukið skipulag. Þann 19. febrúar 1945 komu byggingarnefnd og hafnarnefnd saman á fund til að ræða skipulagsuppdrátt fyrir Eyrina. Nefndirnar eru augljóslega að horfa á eldri uppdrátt af svæðinu, mögulega uppdrátt Jón Víðis frá 1934 eða uppdrátt sem gerður var í tengslum við gerð hafnargarðsins. Að mati nefndanna sýndi uppdrátturinn „ekki það land sem skapast hefur síðan hafnargarðurinn var byggður, hafði landið verið mælt af byggingarnefnd og viðbótin tekin inn á kortið. Ennfremur gerðu nefndirnar tillögu um að færð yrði fram með garðinum væntanleg Síldarverksmiðja sem teiknuð hafði verið inná kortið. Var Kristófer Eggertssyni sem er að fara til Reykjavíkur falið að fara með kortið og túlka málið við skipulagsnefnd og fá olíutanka setta inná kortið.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. Fundur 19.02.1945)

Árið 1946 leggur byggingarnefndin til að Olíuverslun Íslands fái lóð fyrir olíugeyma á hafnarsvæðinu. Það hefur augljóslega gengið eftir því stuttu seinna sækir Olíuverslun Íslands um leyfi til að girða í kringum olíugeymanna á Eyrinni. Leyfið var veitt og „æski byggingarnefnd þess, að austurhlið girðingarinnar verði úr steinsteypu alveg eða að mestu leyti að öðru leyti verði nefndin höfð með í ráðum um útlit girðingar.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. Fundur 14.05.1946 og fundur 06.07.1946)

Það gekk hægt að ganga frá skipulagi hafnarsvæðisins. Það má til dæmis sjá á því að á árunum 1947 og 1948 sótti Kaupfélag Skagfirðinga ítrekað eftir leyfi til að byggja þar hraðfrystihús og sláturhús en þar sem ekki var búið að ganga frá skipulagi á Eyrinni var ekki hægt að taka ákvörðun um það mál (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. Fundur 22.05.1947). Eftir að nefndin hafði ráðfært sig við Helga Bergs verkfræðingi var fyrrgreindu sláturhúsi og hraðfrystihúsi fundinn staður „norðan við vöruskemmuna og hafnarhúsið.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. Fundur 09.10.1947).

Á fundi byggingarnefndar árið 1949 sækir Kaupfélag Skagfirðinga um að fá stækkaða lóðina undir fyrirhugað frystihús og sláturhús. „Byggingarnefnd leggur til að K.S. verði úthlutað reitnum norðan við skemmur K.S. eins og hann er nú afmarkaður á kort.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Fundur 09.06.1949).

Ekki er ljóst í hvaða uppdrátt er hér verið að vísa en möglega er um að ræða uppdrátt sem er uppfærsla á uppdrætti Jóns Víðis frá 1934 og er varðveittur hjá Skipulagsstofnun Íslands (mynd 10).

Mynd 10. Uppdráttur frá 1949-1950 sem byggði á uppdrætti Jóns Víðis frá 1934. Uppdráttur í varðveislu Skipulagsstofnunar Íslands.

Af loftmyndum má sjá að á tímabilinu 1949-1958 er uppbygging á svæðinu er nokkuð hröð (mynd 11) norðan við nýja hafnargarðinn, við reitinn sem ætlaður var Kaupfélagi Skagfirðinga og austan við hann.

Mynd 11. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1958. Landmælingar Íslands.

Mynd 12. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1963. Landmælingar Íslands.

Mynd 13. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1966. Landmælingar Íslands.

Á tímabilinu 1963 til 1966 má sjá að meginframkvæmdir hafi verið viðbyggingar við sláturhús og hraðfrystihús enda plássið á Eyrinni takmarkað og sumar byggingar þá þegar mjög nálægt strandlínunni.

Mynd 14. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1974. Landmælingar Íslands.

Sama má segja um tímabilið 1966 til 1974. Verið er að breyta og bæta við byggingum í húsaþyrpingu Kaupfélags Skagfirðinga. Eina meginbreytingu má greina á loftmyndinni frá árinu 1974 (mynd 14) því nú má sjá landfyllingu sunnan við hafnargarðinn. Þarna eru þó ekki komnar neinar byggingar.

Mynd 15. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1986. Landmælingar Íslands.

Á tímabilinu 1986 til 1994 má sjá að byggingar eru farnar að rísa á nýju landfyllingunni sunnan hafnargarðsins en einnig er farið að byggja austur eftir hafnargarðinum enda landfylling að aukast norðan við garðinn. Sú þróun heldur áfram eftir 1994.

Mynd 16. Loftmynd af hafnarsvæðinu frá 1994. Landmælingar Íslands.

Fornleifaskráning

Sauðá 2803-1
Hlutverk: Öldubrjótur
Tegund: Heimild
Hættumat: Ómetið
Staðhættir
Samkvæmt korti danska herforingjaráðsins frá 1920 var öldubrjótur um 80m austan við Eyrarveg 20 (yfirlitskort bls. 48).
Lýsing
Öldubrjóturinn var 60m langur (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 98) en er nú horfinn vegna seinni tíma framkvæmda á hafnarsvæðinu.

Sauðá 2803-2
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild
Hættumat: Ómetið
Staðhættir og lýsing
Heimildir geta lendingar á Sauðárkróki en ekki er getið um nákvæma staðsetningu og því óvíst hvort hún sé innan þess svæðis sem er til umfjöllunar hér.
Aðrar upplýsingar
Í jarðabók 1712 segir: „Heimræði er hjer og lending í betra lagi, og gengur eitt skip ábúanda, þegar hann fær því við komið, fleiri mætti gánga, ef fólk væri til“ (bindi IX, bls. 51).

Sauðá 2803-3
Sérheiti: Guðjónsbær, Eyrarhús I, Þorleifsbær
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir
Guðjónsbær stóð þar sem nú er Eyrarvegur 20 (Yfirlitskort bls. 48).
Lýsing
Húsið var byggt árið 1882 af Guðjóni Ísleifssyni, það var úr timbri og var ein hæð með risi. Árið 1887 stækkaði Þorleifur Jónsson húsið og varð það þá tvíbýli. Húsið var rifið árið 1936 vegna hafnargerðar (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 181; *Virðingabók*, bls. 51).
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Eyrarhús voru árið 1891 þessi: 1) Íbúðarhús með ofni. 2) Geymsluhús. 3) Geymsluhús „með eldamaskínu, lofti og stiga“, 4) „Hesthús með fjósi í fyrir 3 hross og 2 kýr“. 5) Skúr“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 181).

Sauðá 2803-4
Hlutverk: Geymsla
Tegund: Heimild

Hættumat: Horfið

Staðhættir og lýsing

Geymsluhús var við Guðjónsbæ sem stóð þar sem nú er Eyrarvegur 20 (yfirlitskort, bls. 48). Húsið var líklega rifið árið 1936 vegna hafnargerðar (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 181; *Virðingabók*, bls. 51). .

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir: „Eyrarhús voru árið 1891 þessi: 1) Íbúðarhús með ofni. 2) Geymsluhús. 3) Geymsluhús „með eldamaskínu, lofti og stiga“, 4) „Hesthús með fjósi í fyrir 3 hross og 2 kýr“. 5) Skúr“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 181).

Sauðá 2803-5

Hlutverk: Geymsla

Tegund: Heimild

Hættumat: Horfið

Staðhættir

Við Guðjónsbæ sem stóð þar sem nú er Eyrarvegur 20 var geymsluhús með eldavél (yfirlitskort, bls. 48).

Lýsing

Húsið var með eldamaskínu, lofti og stiga. Það var líklega rifið árið 1936 vegna hafnargerðar (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 181; *Virðingabók*, bls. 51).

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir: „Eyrarhús voru árið 1891 þessi: 1) Íbúðarhús með ofni. 2) Geymsluhús. 3) Geymsluhús „með eldamaskínu, lofti og stiga“, 4) „Hesthús með fjósi í fyrir 3 hross og 2 kýr“. 5) Skúr“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 181).

Sauðá 2803-6

Hlutverk: Hesthús, fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Horfið

Staðhættir og lýsing

Við Guðjónsbæ, sem stóð þar sem nú er Eyrarvegur 20, voru hesthús og fjós (yfirlitskort, bls. 48). Húsin voru líklega rifin árið 1936 vegna hafnargerðar Kristmundur Bjarnason 1969, bls. 181; *Virðingabók*, bls. 51.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir: „Eyrarhús voru árið 1891 þessi: 1) Íbúðarhús með ofni. 2) Geymsluhús. 3) Geymsluhús „með eldamaskínu, lofti og stiga“, 4) „Hesthús með fjósi í fyrir 3 hross og 2 kýr“. 5) Skúr“ (Kristmundur Bjarnason, 1969, bindi I, bls. 181).

Sauðá 2803-7

Hlutverk: Skúr

Tegund: Heimild

Hættumat: Horfið

Staðhættir og lýsing
Við Guðjónsbæ, sem stóð þar sem nú er Eyrarvegur 20, var skúr (yfirlitskort, bls. 48). Skúrinn var líklega rifið árið 1936 vegna hafnargerðar (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 181; *Virðingabók*, bls. 51).
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Eyrarhús voru árið 1891 þessi: 1) Íbúðarhús með ofni. 2) Geymsluhús. 3) Geymsluhús „með eldamaskínu, lofti og stiga“, 4) „Hesthús með fjósi í fyrir 3 hross og 2 kýr“. 5) Skúr“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 181).

Sauðá 2803-8
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Á uppdrætti danska herforingjaráðsins frá 1920 sést hvar vegurinn lá frá þorpinu, meðfram sjó og út á Eyrina. Norðvestan við túnið hjá Guðjónsbæ deilist hann í tvennt og liggur annar til Gönguskarða en hinn til Reykjastrandar. Leiðirnar eru á sama stað og núverandi vegir og undir Vörumiðlun og Versluninni Eyri.
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Um malarrinda við rætur hennar liggur vegurinn út á svonefnda Eyri, sem Gönguskarðsá hefur myndað með framburði sínum, og hét hún áður fullu nafni Gönguskarðsáeyri“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 11).

Sauðá 2803-9
Sérheiti: Reykjastrandavegur
Hlutverk: Leið
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Á uppdrætti danska herforingjaráðsins frá 1920 sést hvar vegurinn lá frá þorpinu, meðfram sjó og út á Eyrina. Norðvestan við túnið hjá Guðjónsbæ deilist hann í tvennt og liggur annar til Gönguskarða en hinn til Reykjastrandar. Leiðirnar eru á sama stað og núverandi vegir og undir Vörumiðlun og Versluninni Eyri.
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Um malarrinda við rætur hennar liggur vegurinn út á svonefnda Eyri, sem Gönguskarðsá hefur myndað með framburði sínum, og hét hún áður fullu nafni Gönguskarðsáeyri“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 11).

Sauðá 2803-10 (Sauðá 181763 48-79, Sauðá/Sauðárkrókur 1733-167 1)
Sérheiti: Bræðrabúð, Lárubær, Eyrin II
Hlutverk: Sjóbúð, Híbýli
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið

Staðhættir og lýsing
Sjóbúð nefnd Bræðrabúð stóð syðst á Eyrinni, neðan við Bakka [2803-14]. Upp úr henni var Lárubær byggður árið 1883. Lóðin var komin í sjó árið 1912 (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 142, 181-182).
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Í síðasti lagi árið 1883 eru þau hjón [Þorvaldur Einarsson og Lára Sigfúsdóttir] setzt að í Bræðrabúð, sem fyrr er nefnd, og reisa bæ sinn upp úr sjóbúðinni. Hann var jafnan nefndur Lárubær og stóð syðst á Eyrinni…Þessi lóð var komin í sjó árið 1912. Var bærinn þá byggður upp ofar í brekkunni af Gísli Magnússyni organista“ (bindi I, bls. 181-182)“.

Sauðá 2803-11 (Sauðá 181763 48-98, Sauðá/Sauðárkrókur 1733-163)
Sérheiti: Lárubrunnur
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Lárubrunnur var þar sem nú heitir Sandeyri (yfirlitskort, bls. 48), á uppfyllingu upp af syðri bryggjunni.
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Lárubrunnur [... var] snertispöl frá veginum, sem áður lá út með brekkunni milli Króks og Eyrar“ (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 217).

Sauðá 2803-12 (Sauðá 181763 48-78, Sauðá/Sauðárkrókur 1733-166)
Sérheiti: Holtsbúð
Hlutverk: Sjóbúð
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Samkvæmt heimildum var sjóbúð á Eyrinni sem nefndist Holtsbúð en nánari staðsetning er ekki þekkt og er búðin horfin.
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Áður en byggð hófst á Sauðárkróki, voru þar nokkrar sjóbúðir. Elst og mest þeirra var Holtsbúð úti á Gönguskarðseyrum, frá þeim tíma er Jón Bjarnason í Eyhildarholti hugðist hefja stórugerð, en skjótur endi var á bundinn þegar Eyhildarholtsduggan fórst. Um 1870 var búð þessi úr sögunni, og rústirnar einar til marks um framtak Jóns bónda“ (bindi I, bls. 141).

Sauðá 2803-13 (Sauðá 181763 48-80, Sauðá/Sauðárkrókur 1733-168)
Sérheiti: Borgarbúð
Hlutverk: Sjóbúð
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Sjóbúð var byggð árið 1851 einhversstaðar á Eyrinni en námkvæmari staðsetning er ekki þekkt.

Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Aðalverstöðin um aldir var í Sauðárkróknum, og árið 1851 kom Sölvi hreppstjóri Guðmundsson á Sjávarborg sér upp sjóbúð úti á Gönguskarðsáreyri. Virðist þá ekki fært lengur að hafa naust á Borgarsandi, svo sem verið hafði um langan aldur“ (bindi I, bls. 24).

Sauðá 2803-14 (Sauðá 181763 48-154)
Sérheiti: Eyrarhús III, Bakki
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Bakki stóð innst við Eyrarbrekku rétt fyrir ofan Lárubæ [2803-10] (yfirlitskort, bls. 48). Hann var byggður úr torfi árið 1897 og fór í sjó árið 1914 (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 193).
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Torfbær innst við Eyrarbrekku. Björn Þorláksson í Kolgröf reisti handa stjúpdóttur sinni, Ingibjörgu Björnsdóttur, og manni hennar Sigurði skósmið Þórðarsyni. Þau fluttust til Vesturheims ásamt fjórum dætrum árið 1902. – Hér bjó Magnús Benediktsson frá Grísatungu, faðir Unnar, konu Jóns Björnssonar deildarstjóra K.S., og þeirra systkina. Einnig bjó Hálfdan Kristjánsson sjómaður í bænum. Lóðin for í sjó árið 1914“ (bindi I, bls. 193).

Sauðá 2803-15
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Samkvæmt korti danska herforingjaráðsins frá 1920 var útihús rétt austan við íbúðarhúsið á Bakka [Sauðá 2803-14] (yfirlitskort, bls. 48). Húsin eru horfin.

Sauðá 2803-16 (Sauðá 181763 48-155)
Sérheiti: Eyrin IV, Halfliðabær, Brekkubær
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Hafliðabær eða Brekkubær stóð á Eyrinni (yfirlitskort, bls. 48) og var byggður um 1900 úr torfi. Hann var rifinn árið 1960 (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 198).
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Torfbær, reistur af Hafliða Gunnarssyni frá Skálahnjúk. Hann kvæntist Sólveigu Jóhannsdóttur. Sonar hennar af fyrra hjónabandi var Sigurður Helgason, flogaveikur aumingi, uppnefndur „krunkur“ epa „vinur“. Hafliði var geggjaður og mun hafa verið þyngstur ómagi á Sauðárhreppi, og er nánar að því vikið í þætti um sveitarstjórnarmál síðar í riti þessu. Hann flækist víða um land, og er af honum mikil saga. Kona hans hvarf vestur um haf með börn þeirra. Eftir Hafliða bjó í húsinu Runólfur Jónsson sjómaður, en síðast bjó þar Gísli Gíslason frá Lágamúla á Skaga. Bærinn var rifinn 1960“ (bindi I, bls. 198).

Sauðá 2803-17
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Samkvæmt korti danska herforingjaráðsins frá 1920 var útihús rétt vestan við Brekkubæ [Sauðá 2803-16] (yfirlitskort, bls. 48). Húsin eru horfin.

Sauðá 2803-18 (Sauðá 181763 48-156)
Sérheiti: Eyrin V, Háeyri, Hálfdánsbær
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Háeyri eða Hálfdánsbær stóð á Eyrarbökkum og var byggður um 1900 úr torfi. Lóðin fór í sjó árið 1914 (Kristmundur Bjarnason 1969, bindi I, bls. 200). Nákvæmari staðsetning er ekki þekkt.
Aðrar upplýsingar
Í Sögu Sauðárkróks segir: „Torfbær á Eyrarbökkum, reistur af Magnúsi Benediktssyni frá Grísatungu, sem fyrr bjó í Árbæ við Sauðárkrók og áður er getið, og kvæntur var Guðnýju Jónasdóttur. Á Háeyri bjó Hálfdan Kristjánsson sjómaður síðast. Lóðin for í sjó árið 1914. Þá voru þrjú syðstu húsin komin í eyði af sjárvarbroti, eftir stóðu Eyrarhús og Brekkubær“ (bindi I, bls. 200).

Sauðá 2803-19 (Sauðá 181763 48-138)
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir og lýsing
Brunnur stóð í brekkunni við Eyrarveg á móts við höfnina (yfirlitskort bls. 48).
Lýsing
Vatnshæð í brunninum var 3-4 álnir og yfir hann var lagður hleri. Hlaðið var úr torfi og grjóti umhverfis brunninn (Kristmundur Bjarnason 1971, bindi II, bls. 217).

Sauðá 2803-20 (Sauðá 181763 48-139)
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Hættumat: Horfið
Staðhættir
Brunnur var skammt frá þar sem nú er norðurendi núverandi hafnargarðs suður af þar sem Guðjónsbær (2803-3) stóð (yfirlitskort, bls. 48).

Lýsing
Brunnurinn tilheyrði Guðjónsbæ [2803-3] og er horfin vegna hafnargerðar.

Sauðá 2803-21 (Sauðá/Sauðárkrókur 1733-163, Sauðá 181763 48–98, Sauðá 1888-112)

Sérheiti: Gamla bryggja

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Tréverk, heimild

Staðhættir

Gamla bryggja lá rétt norðan við þar sem nú er hafnargarður við smábátahöfnina (yfirlitskort bls. 48).

Lýsing

Einn tréstaur sem tilheyrði bryggjunni stendur enn um 26m austan við Strandveg. Hann er rúmlega 2m á hæð og um 30cm í þvermál. Við fornleifaskráningu 2005 (Guðmundur Sigurðarson ofl. 2005) fundust tveir aðrir tréstaurar austan Aðalgötu 21 við Strandveg með um 8m millibili en þeir eru nú horfnir vegna seinni tíma landfyllingar.

Mynd 17. Tréstaur úr Gömlu bryggju - horft til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Lausabryggjur voru í fjörunni um aldamótin en þar sem þessar bryggjur voru ekki jarðfastar eru þær ekki skráðar með hér. Þær voru leystar af hólmi 1916 þegar Gamla bryggja var byggð. Í maí 1916 hófst bryggjusmíðin og var hún næstum því fullgerð í ágúst sama ár. Þann 17. September gerði aftakaveður með foráttubrimi og allur fremri hluti bryggjunnar skekktist og stórskemmdist og þar með báðar steinkisturnar. Til að koma í veg fyrir að öll bryggjan hyrfi að hausti og vetri voru allir staurarnir við steinkisturnar rifnir upp og reknir niður við innri hluta bryggjunnar til að koma í veg fyrir að hún liðaðist í sundur. Við þetta styttist bryggjan í 45 m. Sá hluti sem eftir stóð var lagfærður eftir föngum sumarið 1917 (Kristmundur Bjarnason 1987, bindi I, bls. 92-99).

Niðurstaða

Alls voru skráðar21 minjar innan deiliskipulagssvæðisins. Heildaryfirlit yfir þessar minjar er að finna í fylgiskjölum aftast í skýrslunni. Minjarnar eru allar horfnar að undanskildum tréstaur [2803-21] sem eru einu leifar Gömlu bryggju sem reist var árið 1916. Minjarnar tengjast flestar búsetu og atvinnuvegum í kaupstaðnum auk útræðis. Innan deiliskipulagssvæðis, á hafnarsvæði Sauðárkróks, fer fram fjölbreytt hafnar- og atvinnustarfsemi og svæðið er þegar þétt byggt. Landslag er mikið breytt frá því sem áður var og hafa minjarnar horfið bæði vegna þeirra framkvæmda sem þarna hafa verið auk landbrots af völdum sjávar. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir skráðar minjar, sérheiti og hlutverk þeirra og aldur.

Tafla 1. Minjar innan hafnarsvæðis Sauðárkróks..

Nr.	Sérheiti	Hlutverk	Byggingarár/aldur	Rifið/horfið
2803-1		Öldubrjótur	1915	1970?
2803-2		Lending	800	1915
2803-3	Guðjónsbær, Eyrarhús I	Híbýli	1882	1936
2803-4		Geymsla	1882	1936

2803-5		Geymsla	1882	1936
2803-6		Hesthús, fjós	1882	1936
2803-7		Skúr	1882	1936
2803-8		Leið	1800	1936?
2803-9	Reykjastrandavegur	Leið	1800	1936?
2803-10	Bræðrabúð, Lárubær, Eyrin II	Sjóbúð, híbýli	1883	1912
2803-11	Lárubrunnur	Brunnur	1883	1936?
2803-12	Holtsbúð	Sjóbúð	1800?	1936?
2803-13	Borgarbúð	Sjóbúð	1800?	1936?
2803-14	Eyrarhús III, Bakki	Híbýli	1897	1914
2803-15		Útihús	1897	1914
2803-16	Eyrin IV, Hafliðabær, Brekkubær	Híbýli	1900	1960
2803-17		Útihús	1900	1960
2803-18	Eyrin V, Háeyri, Hálfdánsbær	Híbýli	1900	1914
2803-19		Brunnur	1900	1960?
2803-20		Brunnur	1882	1936
2803-21	Gamla Bryggja	Bryggja	1916	?

Hættumat

Einn minjastaður er skráður innan deiliskipulagssvæðisins og er hann talinn í mögulegri hættu vegna framkvæmda (sjá hnitaskrá í fylgiskjölum). Hættumatið er miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um útlínur hafnarsvæðisins Sauðárkróks. Þar sem fornleifaskráning er fyrirliggjandi er hægt að taka tillit til minja við skipulag framkvæmda og tilheyrandi starfsemi. Í *22. gr.* laga um menningarminjar (*nr. 80 29. júní 2012)* er skilgreint 15m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar minjar (þ.e. minjar eldri en 100 ára), nema að annað sé ákveðið. Allar ákvarðanir um mótvægisaðgerðir til verndar minjum eru á höndum Minjastofnunar Íslands.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Horfin mannvirki yngri en 100 ára

Hér verður stuttlega gerð grein fyrir horfnum mannvirkjum sem ekki hafa náð 100 ára aldri og teljast því ekki til fornleifa.

Mynd 18. Horfin mannvirki eru merkt með rauðum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

1. **Stríðsminjar. Skotgrafir**. Heimild: Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.
2. **Fjárrétt**. Var reist á árunum 1953-1958 í tengslum við sláturhús KS, milli vörugeymslu og frystigeymslu. Heimild: Fundagerðabók – byggingarnefndar 1948-1959.
3. **Olíutankar og afgreiðsla BP.** Hefur verið reist á tímabilinu 1945 til 1958. Heimild: Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.
4. **Olíutankar og afgreiðsla.** Heimild: Fundagerðabók byggingarnefndar 1918-1947 og 1948-1959.
5. **Stríðsminjar.** Braggi. Heimild: Ágúst Guðmundsson, 2018.
6. **Braggi.** Vörugeymsla KS. Heimild: Fundagerðabók byggingarnefndar 1918-1947.
7. **Hafnarhús.** Timburhús. Heimild: Fundagerðabók byggingarnefndar 1918-1947.
8. **Stríðsminjar.** Braggi. Heimild: Ágúst Guðmundsson, 2018.
9. **Ytra plan.** Síldarvinnsla. Heimild: Loftmynd 1958. Landmælingar Íslands.
10. **Bygging - síldarvinnsla/-söltun.** Heimild: Loftmynd 1958. Landmælingar Íslands.
11. **Braggi.** Vörugeymsla KS. Heimild: Fundagerðabók – byggingarnefndar 1918-1947.
12. **Stríðsminjar.** Eldhús. Heimild: Ágúst Guðmundsson, 2018.
13. **Hjallur.** Í fundargerð byggingarnefndar frá 2.7.1953 kemur fram að Jón Nikódemusarson sótti um leyfi til byggingar sjóbúðar „syðst á svæðinu sunnan olíustöðvar „Essó“. Ingólfur Sveinsson staðfesti staðsetningu sjóbúðarinnar en kallar það hjall. Heimild: Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.
14. **Stríðsminjar.** Sandpokavirki. Heimild: Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.

15. **Hús tengd síldarvinnslu á Syðra Plani.**
16. **Steinnökkvi**. Keyptur 1947 af hafnarnefnd til að nýta í hafnargarðinum. Heimild: Fundagerðabók – hafnarnefnd 1935-1969.
17. **Stríðsminjar**. Sandpokagryfja. Heimild: Ágúst Guðmundsson, 2018. - Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.
18. **Stríðsminjar**. Sandpokavirki. Heimild: Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.
19. **Niðursuðuverksmiðja**. Heimild: Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959.
20. **Viðbygging við niðursuðuverksmiðju**. Heimild: Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. -Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.
21. **Smiðja**, tengd hafnarhúsinu. Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.
22. **Olíutankar**. Greinilegt á mynd frá 1958. Heimild: Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. - Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.
23. **Óþekkt bygging**. Greinileg á loftmynd frá 1945.
24. **Óþekkt bygging**. Greinileg á loftmynd frá 1945.
25. **Óþekkt bygging**. Greinileg á loftmynd frá 1945.
26. **Port**. Greinileg á loftmyndum. Heimild: Ingólfur Sveinsson. Munnleg heimild 27.08.2022.

Auk þess má merkja á ljósmyndum trönur og hjalla til fiskþurrkunar sem hafa verið víða á Eyrinni.

Skrá yfir eldri uppistandandi hús

Eldri iðnaðarbyggingar á svæðinu eiga það sammerkt að oft hefur verið byggt við og húsin lagfærð. Ein bygging getur því haft mörg byggingarár eftir því sem einingum er bætt við húsið. Í samráði við minjavörð var lögð áhersla á að greina þróun bygginga á svæðinu og kanna betur elstu húsahlutina og staðfesta byggingarár þeirra.

Loftmyndir frá Landmælingum Íslands voru notaðar til grundvallar á greiningu þróun bygginga ásamt því að hafa til hliðsjónar loftmynd frá 1945 sem fengin var frá National Collection of Aerial Photography (NCAP).



Mynd 19. Greining á aldri húsa út frá loftmyndum. Grunnmynd: Loftmyndir ehf.

Elstu byggingarnar eru í þyrpingunni norðvestur á hafnarsvæðinu (merkt með brúnum lit) sem er skiljanlegt þar sem yngri húsin eru mörg hver á landfyllingu sem ekki var til staðar í upphafi þess að iðnaðar- og hafnarsvæði byggist upp á Eyrinni.

Elstu byggingarhlutarnir eru hér merktir með brúnum lit. Þeir eru ekki á loftmyndinni frá 1945 en greinanlegir á loftmynd frá 1958. Byggingar merktar með fjólubláum lit eru ekki á loftmyndinni frá 1958 en eru á loftmynd frá 1963. Þessi hús eru hér könnuð frekar til að staðfesta byggingarár þeirra með hliðsjón að fasteignaskrá.

Eyrarvegur A

Mynd 20. Hús við Eyrarveg. Er ekki á loftmynd frá 1958 en er á loftmynd frá 1963. Merkt með fjólubláu ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Samkvæmt fasteignaskrá er stærsti hluti bygginarinnar byggður árið 1962 og er húsið skilgreint sem netagerð/geymslur.

Mynd 21. Sláturhús Slátursamlags Skagfirðinga. Úr ljósmyndasafni Feykis, varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. IS HSk N00301-E-Fey 3020.

Byggingin var um tíma í eigu Slátursamlags Skagfirðinga ehf. og var þá nýtt sem sláturhús. En líklega var upphaflega sótt um byggingarleyfi fyrir vörugeymslu.

„Verslunarfél. Skagfirðinga sendi lóðarbeiðni undir byggingu vörugeymslu o.fl. austan bygginga Fiskivers H/f á Eyrinni. Umsögn stjórnar Fiskivers H/f. Fylgdi ásamt grunnteikningu. ... Umsögn stjórnar Fiskivers H/f. Var m.a. á þá leið að hún telur ekki annmarka á að væntanleg bygging verði staðsett austan Fiskivers samkvm. Því sem meðfylgjandi teikning sýnir. ... Byggingarnefnd samþykkti staðsetningu byggingarinnar með venjulegum skilyrðum, með þeim fyrirvara að félagið tryggi veg austan byggingarinnar ef svo færi að tengdar yrðu saman fiskimóttöku byggingar K.S. og Fiskivers byggingar þannig að leiðin að vestan lokist fyrir bílaumferð.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Fundur 14.07.1959. IS HSk N00198-A-L-2). Rétt er að taka fram að á þessum tíma urðu framkvæmdar að hefjast innan tveggja ára frá því að byggingarleyfi fékkst. Byggingarleyfi voru veitt fyrir viðbyggingum 21.06.1978 og 25.04.1979.

Mynd 22. Sláturhús Slátursamlags Skagfirðinga. Úr ljósmyndasafni Feykis, varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, IS HSk N00301-B-Fey 666.

Af loftmyndum má sjá að þessi bygging var ekki risin 1958 en er á loftmynd frá 1963. **Engar vísbendingar var að finna um að byggingarár sé ranglega skráð. Ekkert bendir til annars en um nýbyggingar hafi verið að ræða.**

Eyrarvegur B

Mynd 23. Hús við Eyrarveg. Hús sem sjá má á loftmynd frá 1958, merkt með brúnum lit ofan á loftmynd frá Loftmyndum efh.

Upphaflega voru þetta 3-4 byggingar sem nú er horft á sem eina heild. Þær voru allar þó byggðar á svipuðum tíma. Þær eru ekki á loftmynd frá 1945 né á uppdrætti frá 1950 en eru allar á loftmynd frá 1958.

Elsti hlutinn var byggður af Sigurði Sigfússyni en undir ýmsum fyrirtækisnöfnum. Af upptalningu að dæma sem birtist í grein eftir séra Lárus Arnórsson þá byggði Sigurður sláturhús árið 1952 (A-hluti), hraðfrystihús 1954-1955 (B- og D- hluti) og fiskimjölsverksmiðju 1956 (C-hluti) (Sigurður Sigfússon og starfsemi hans. Brot úr sögu Skagafjarðar 1957, bls. 9).

Mynd 24. Sláturhús Sigurðar Sigfússonar fremst. Líklega fiskvinnsluhús sem glittir í norðan við sláturhúsið. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, IS HSk N00321-B-Atb 1765.

Árni Gunnarsson telur einnig að Sigurður Sigfússon hafi byggt sláturhús árið 1952. Því til sönnunar tilgreinar hann bréf frá landbúnaðarráðuneyti, dags. 26. sept. 1953, þar sem samkvæmt meðmælum yfirdýralæknis sé veitt „leyfi til að nýtt sláturhús Sigurðar Sigfússonar á Sauðárkróki verði notað til slátrunar til ársloka 1954, án þess að sláturhúsið hljóti löggildinu ... Undanþága þessi er veitt með því skilyrði að eigandi sláturhússins fari í einu og öllu eftir ráðleggingum og fyrirmælum hlutaðeigandi dýralæknis, um viðhald og nauðsynlegustu endurbætur á húsinu, með það fyrir augum að slátrun í því geti farið þrifalega úr hendi ...“ Sláturhúsið fær svo löggildingu frá 1. okt. 1955. (Árni Gunnarsson 2002, bls. 42).

Ekki fannst umfjöllun um byggingu sláturhússins í fundargerð byggingarnefndar frá þessum tíma en árið 1953 fer Sigurður í frekari framkvæmdir:

„Þá var tekin fyrir endanleg beiðni frá Sigurði Sigfússyni um stað fyrir fiskvinnsluhús á hafnarsvæðinu. Leggur nefndin til að Sigurði verði veitt leyfi til að byggja umbeðið hús ca 10 x 20 metrar á svæðinu norðan hafnargarðsins, um 15 metra austan við Niðursuðuverksmiðjuna, hornrétt við hafnargarðinn og í 18 metra fjarlægð frá honum. Leyfið veitist með venjulegum skilyrðum, enda verði húsið staðsett af byggingarnefnd.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Fundur 12.08.1953).

Ekki er alltaf að marka þessar lýsingar á staðsetningu fyrirhugaðra bygginga því endanleg staðsetning var yfirleitt gerð af nefndarmönnum sem fóru á staðinn og könnuðu aðstæður. Það er þó áhugavert að sláturhúsið er ekki nefnt í þessari samþykkt, þó húsið sé á endanum byggt rétt norðan við það.

Árið 1954 er sláturhúsið aftur á móti nefnt í umsókn hans um byggingu frystihúss.

„Sigurður Sigfússon sækir um leyfi til byggingar frystihúss norðan við sláturhús hans og tilheyrandi lóð. Leggur nefndin til að umbeðið leyfi verði veitt með venjulegum skilyrðum.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Fundur 19.07.1954).

Eigendur Hraðfrystistöðvarinnar voru þeir sömu og eigendur Verslunar Sigurðar Sigfússonar hf. Árið 1955 er sagt frá því í tímaritinu Degi að um sumarið hafi verið tekið í notkun „nýtt og vandað fiskvinnslu og hraðfrystihús á Sauðárkróki." Kemur fram að tæpt ár sé liðið frá því að smíði hússins hófst. „Það hefur því gengið greitt að koma því upp og búa það út að öllum nauðsynlegum vélum og tækjum. Vinnusalur stöðvarinnar er 12x15 metrar að flatarmáli, með 22 flökunarborðum, en alls er gólfflötur hússins nær 1000 m^2." Gísli Hermannsson verkfræðingur hjá Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna teiknaði húsið og hafði yfirumsjón með öllum framkvæmdum. Jóhann Guðjónsson múrarameistari sá um byggingu hússins en Guðbjörn Guðlaugsson setti niður allar vélar ..." (Skagfirðingar hafa lokið byggingu fullkomins hraðfrystihúss 1955, bls. 12).

Árið 1955 kemur til frekari framkvæmda á þessu svæði þegar sótt er um byggingarleyfi fyrir verksmiðjubyggingu en verksmiðjan framleiddi fiskimjöl.

> *Hraðfrystistöðin h./f. Sækir um lóðar- og byggingarleyfi vegna fyrirhugaðrar verksmiðjubyggingar, vestan götu frá suðri til norðurs, milli Hraðfrystistöðvarinnar og vöruskemmna K.S. ... Nefndin getur ekki fallist á að veita leyfi á umbeðnum stað, en leggur til bygging þess verði leyfð vestan frystihúss Hraðfrystistöðvarinnar 16 m. til vesturs og haldist sú breidd 15 m. frá suðri til norðurs, en næstu 15 metrar áfram norður 14 m. á breidd. Nánari staðsetning byggingarinnar, þegar endanlega teikning liggur fyrir. (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Fundur 17.10.1955)*

Í kringum 1957 skipti Hraðfrystistöðin svo um eigendur og varð að Fiskiveri hf. sem var í eigu fyrri eigenda Hraðfrystistöðvarinnar og bæjarins. Fiskvinnslan var þá tekin í gegn og gerðar endurbætur á húsnæðinu (Aðkomubátar á haustvertíð á Sauðárkróki 1957, bls. 2).

Ekkert í fundargerðabókum byggingarnefndar eða hafnarnefndar bendir til annars en að um nýbyggingar hafi verið að ræða en byggingarár er mismunandi eftir hluta eða frá 1952-1956.

Eyrarvegur 16-20

Mynd 25. Eyrarvegur 16, 18 og 20. Byggingar merkt með brúnum lit má sjá á loftmynd frá 1958. Lag ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Hér er horft á Eyrarveg 16, 20 og að hluta 18 í einu lagi því þetta var upphaflegt athafnasvæði Kaupfélags Skagfirðinga. Eldri heimildir vísa því í þetta svæði þegar rætt er um framkvæmdir Kaupfélags Skagfirðinga. Fjórir hlutar byggginganna eru samkvæmt fasteignaskrá byggðir fyrir 1966 (merkt með brúnu).

A. Eyrarvegur 16. Vélasalur og iðnaðarrými. Byggingarár 1949.
B. Eyrarvegur 20. Frystigeymsla. 746,8 m^2. Byggingarár 1949.
C. Eyrarvegur 18. Frystir. 270,0 m^2. Byggingarár 1949.
D. Eyrarvegur 18. Karageymsla o.fl. 748,9 m^2. Byggingarár 1956.

Á árunum 1947-1948 sótti Kaupfélag Skagfirðinga ítrekað eftir leyfi til að byggja hraðfrysti- og sláturhús við höfnina.

„Bréf K.S. um lóð við höfnina fyrir frystihús og sláturhús. Þar eð enn er ekki gengið frá skipulagi á Eyrinni er ekki unnt að taka ákvörðun um þetta að sinni.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. Fundur 22.05.1947).

„Því næst var tekið fyrir bréf frá K.S. út af væntanl. byggingu hraðfrysti- og sláturhúss, þar sem Kaupfélagið hafði áður óskað eftir leyfi til staðsetn. Á ofangreindu ofan við og á milli söltunarstöðvanna, og fulltrúi skipulagsstjóra hafði lagt til, en síðan hefði Helgi Bergs verkfræðingur talið þennan stað óheppilegan vegna þrengsla, en mælt eindregið með að bygging þessi verði [svo] reyst norðan við

vöruskemmuna og hafnarhúsið. ... Byggingarnefnd getur fallist á að mæla með að K.S. fái leyfi til byggingar hraðfrysti- og sláturhúss á reit norðan hafnarhúss og vöruskemmu Kaupfélagsins þegar lóðarréttindi hafa verið tryggð enda sé bygging hafin innan tveggja ára.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. Fundur 09.10.1947).



Mynd 26. Teikning af fyrirhuguðu sláturhúsi K.S. Teiknistofa S.Í.S., teiknað af FB og JKL (J. K. Larson). Dagsett 4.12.1947.

„Fyrir lá einnig önnur beiðni frá Kaupfélagi Skagfirðinga um að fá að byggja slátur og frystihús norðan við afgreiðsluhús þess við höfnina. Teikning af húsinu fylgdi. Nefndin leggur til að umbeðið leyfi verði veitt og samþykkti meðfylgjandi teikningu. Húsið verði sett niður í samráði við byggingarnefnd.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Fundur 08.04.1948).

Líklega var horfið frá þessari teikningu (sjá mynd 26.) og byggingarnar endurhannaðar en það kallaði á stækkun lóðar.

„Fyrir lá erindi frá Kaupfélagi Skagfirðinga, þar sem þeir fara fram á að fá stækkaða lóðina undir fyrirhugað frystihús og sláturhús. ... Byggingarnefnd leggur til að K.S. verði úthlutað reitnum norðan við skemmur K.S. eins og hann er nú afmarkaður á korti.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Fundur 09.06.1949).



Mynd 27. Teikningar af slátur- og fyrstihúsi KS. Teiknistofa SÍS, teiknað af S. Thordarson arkitekt, dagsett 7.3.1949.

Varðveist hafa teikningar af slátur- og frystihúsi KS frá 1949 (mynd 27) sem eru í samræmi við byggingarnar sem risu um þetta leyti (mynd 28). Á þessum tíma var Sigvaldi Thordarson arkitekt

forstöðumaður teiknistofu Sambands íslenskra samvinnufélaga. Mögulega er því um „Sigvalda-hús“ að ræða (Arkitektatal 1997, bls. 451).

Mynd 28. Slátur- og frystihús Kaupfélags Skagfirðinga í byggingu. Úr ljósmyndasafni Kristján C. Kristjánssonar, varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, KCM 732.

Hér hefur byggingarleyfi verið komið árið 1949 ásamt því að teikningar eru dagsettar á því ári og því engin ástæða til þess að ætla að byggingarár sé rangt skráð í fasteignaskrá á byggingarhlutum A, B, og C. Aftur á móti hefur byggingarhluti D líklega ekki verið byggður fyrr en árið **1957** eins og eftirfarandi bókun gefur til kynna:

„Kaupfél. Skagfirðinga sækir um leyfi til að reisa viðbótarbyggingu austan núverandi fiskmóttöku hraðfrystihúss K.S. á Eyrinni. Stærð 12,70 m frá suðri til norðurs og 30 m frá vestri til austurs. Teikning fylgdi. Nefndin mælir með að umbeðið leyfi verði veitt með venjulegum skilyrðum þó með þeirri breytingu á teikningu að suðurveggur verði heill og þannig gerður að hægt sé og leyfilegt að byggja að

honum að undanteknu 9 m. svæði vestast á væntanlegri viðbyggingu.“ (Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Fundur 11.10.1957).

Teikningar sem varðveist hafa af þessari viðbyggingu eru dagsettar 1.10.1957.



Rétt er að minna á listaverk það sem prýðir núverandi byggingar sláturhúss eftir Svein Snorra Friðriksson og sett var upp árið 1975. Umfjöllun um listaverkið er að finna í tímaritinu *Samvinnunni* frá 1. september 1975 (Veggmynd af sauðkind).

Mynd 29. Sláturhús Kaupfélags Skagfirðinga. Veggmynd um sauðkind eftir Svein Snorra Friðriksson. Úr ljósmyndasafni Feykis, varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Fey 3022.

Ekkert í fundargerðabókum byggingarnefndar eða hafnarnefndar bendir til annars en að um nýbyggingar hafi verið að ræða. Byggingarár A-C hluta er líklega 1949 en byggingarár D-hluta er 1957-1958.

Heimildaskrá

Útgefnar heimildir

Aðkomubátar á haustvertíð á Sauðárkróki (1957). *Morgunblaðið* 251. tölublað (05.11.1957). Bls. 2. https://timarit.is/page/1312884?iabr=on

Arkitektatal (1997). Ritstjóri: Haraldur Helgason. Þjóðsaga.

Ágúst Guðmundsson (2018). Þegar Krókurinn varð hluti af heiminum. Hernámsárin 1940-1942. *Skagfirðingabók 38*. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 152-204.

Árni Gunnarsson (2002). Athafnaskáld í Skagafirði. Sigurður Sigfússon húsasmíðameistari á Sauðárkróki. *Skagfirðingabók 28*. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 7-72.

Bryndís Zoëga. „Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Sauðárkróki að Veðramóti út Reykjaströnd.“ Byggðasafn Skagfirðinga skýrsla 2018/199. Sauðárkrókur, 2018.

Bryndís Zoëga & Guðmundur Sigurðarson. „Strandminjar við vestanverðan Skagafjörð 1. áfangi.“ Byggðasafn Skagfirðinga skýrsla 2016/159. Sauðárkrókur, 2016.

Friðþór Eydal (2015). *Hersetan á Ströndum og Norðurlandi vestra*. Bókaútgáfan Hólar.

Guðmundur Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir & Sigríður Sigurðardóttir. „Sauðá í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags.“ Byggðasafn Skagfirðinga skýrsla 2005/42. Sauðárkrókur, 2005.

Guðný Zoëga & Sólveig Olga Sigurðardóttir. „Verndarsvæði í byggð – Sauðárkrókur Fornleifaskráning.“ Byggðasafn Skagfirðinga skýrsla 2018/200. Sauðárkrókur, 2018.

Íslendinga sögur. 1. bindi. Landssaga og Landnám. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík, 1946.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX: Skagafjarðarsýsla. Hið íslenzka fræðafélag: Kaupmannahöfn, 1930.

Kristmundur Bjarnason (1969). *Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti. Fram til ársins 1907*. Sauðárkrókskaupstaður.

Kristmundur Bjarnason (1973). *Saga Sauðárkróks. Síðari hluti II. 1922-1948*. Sauðárkrókskaupstaður.

Kristmundur Bjarnason (1987). *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, fyrra bindi.* Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu: Akureyri.

Magnús Konráðsson (1939). Hafnargerð á Sauðárkrók. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 3. tölublað (01.12.1939).

Skagfirðingar hafa lokið byggingu fullkomins hraðfrystihúss (1955). *Dagur* – 36. tölublað (06.07.1955). https://timarit.is/page/2650708?iabr=on)

Veggmynd af sauðkind (1975), *Samvinnan* 7. tölublað (01.09.1975).

Óútgefnar heimildir

Brunabótafélag Íslands: Virðingabók fyrir Sauðárkrók 1917-1928. IS HSk N00120-2.

Fundagerðabók – byggingarnefnd 1918-1947. Sauðárkrókur: Skjalasafn. IS HSk N00198-A-L-1.

Fundagerðabók – byggingarnefnd 1948-1959. Sauðárkrókur: Skjalasafn. IS HSk N00198-A-L-2.

Fundagerðabók – hafnarnefnd 1935-1969. Sauðárkrókur: Skjalasafn. IS HSk N00198-A-E-1-1.

Loftmynd af Sauðárkróki og nágrenni 1945. National Collection of Aerial Photography (NCAP).

Loftmynd af Sauðárkróki og nágrenni 1958. Landmælingar Íslands. Svæði 52. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn .

Loftmynd af Sauðárkróki og nágrenni 1963. Landmælingar Íslands. Svæði 52. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn .

Loftmynd af Sauðárkróki og nágrenni 1966. Landmælingar Íslands. Svæði 52. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn .

Loftmynd af Sauðárkróki og nágrenni 1974. Landmælingar Íslands. Svæði 52. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn .

Loftmynd af Sauðárkróki og nágrenni 1986. Landmælingar Íslands. Svæði 52. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn .

Loftmynd af Sauðárkróki og nágrenni 1994. Landmælingar Íslands. Svæði 52. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn .

Teikningar og fylgigögn slátur- og frystihús 1947-1975. Skjalasafn Kaupfélags Skagfirðinga. IS-SKS KS1-D-J-I

Uppdráttur af Sauðárkróki 1920. Hluti af kortasafni Danska herforingjaráðsins. Varðveitt hjá Landmælingum Íslands.

Uppdráttur af Sauðárkróki 1949-1950. Viðbætur ofan á uppdrátt Jóns Víðis frá 1934. Varðveitt hjá Skipulagsstofnun Íslands.

Viðtal við Ingólf Sveinsson, 27.08.2022. Munnleg heimild.

Fylgiskjöl

Fornleifar í Sauðárkrókshöfn – hnitaskrá

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
2803-1	Sauðá		Öldubrjótur	Heimild	1915	1970?	Sést ekki	Ómetið	470394	584756
2803-2	Sauðá		Lending	Heimild	800	1915	Sést ekki	Ómetið		
2803-3	Sauðá	Guðjónsbær, Eyrarhús I	Híbýli	Heimild	1882	1936	Horfið	Engin hætta	470280	584671
2803-4	Sauðá		Geymsla	Heimild	1882	1936	Horfið	Engin hætta	470296	584669
2803-5	Sauðá		Geymsla	Heimild	1882	1936	Horfið	Engin hætta	470296	584669
2803-6	Sauðá		Hesthús, fjós	Heimild	1882	1936	Horfið	Engin hætta	470296	584669
2803-7	Sauðá		Skúr	Heimild	1882	1936	Horfið	Engin hætta	470296	584669
2803-8	Sauðá		Leið	Heimild	1800	1936?	Horfið	Engin hætta	470218	584678
2803-9	Sauðá		Leið	Heimild	1800	1936?	Horfið	Engin hætta	470188	584801
2803-10	Sauðá	Bræðrabúð, Lárubær, Eyrin II	Sjóbúð, híbýli	Heimild	1883	1912	Horfið	Engin hætta		
2803-11	Sauðá	Lárubrunnur	Brunnur	Heimild	1883	1936?	Horfið	Engin hætta	470211	584503
2803-12	Sauðá	Holtsbúð	Sjóbúð	Heimild	1800?	1936?	Horfið	Engin hætta		
2803-13	Sauðá	Borgarbúð	Sjóbúð	Heimild	1800?	1936?	Horfið	Engin hætta		
2803-14	Sauðá	Eyrarhús III, Bakki	Híbýli	Heimild	1897	1914	Horfið	Engin hætta	470183	584478
2803-15	Sauðá		Útihús	Heimild	1897	1914	Horfið	Engin hætta	470201	584477
2803-16	Sauðá	Eyrin IV, Halfliðabær, Brekkubær	Híbýli	Heimild	1900	1960	Horfið	Engin hætta	470193	584616
2803-17	Sauðá		Útihús	Heimild	1900	1960	Horfið	Engin hætta	470188	584619
2803-18	Sauðá	Eyrin V, Háeyri, Hálfdánsbær	Híbýli	Heimild	1900	1914	Horfið	Engin hætta		
2803-19	Sauðá		Brunnur	Heimild	1900	1960?	Horfið	Engin hætta	470168	584610
2803-20	Sauðá		Brunnur	Heimild	1882	1936	Horfið	Engin hætta	470267	584634

2803-21	Sauðá	Gamla Bryggja	Bryggja	Tréverk, heimild	1916	?	Ill greinanleg	Hætta	470235	584029



Yfirlitskort.

HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA & BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2022